

Umhverfisstofnun
sent rafrænt á ust@ust.is

Ísafirði 26. maí 2021

Umsögn; Tillaga að friðlýsingu þjóðgarðs á Vestfjörðum.

Vísa til bréfs Umhverfisstofnunar frá 2. mars 2021, mál UST202001-483/F.P. 09.03, þar sem beint er til umsagnar hjá Fjórðungssambandi Vestfirðinga tillaga að friðlýsingu þjóðgarðs á Vestfjörðum. Stjórn Fjórðungssamband Vestfirðinga fjallaði um efni tillögunnar á fundi sínum 26. maí 2021.

Almennt telur stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga að tillagan sé áhugaverð og geti stutt við uppbyggingu samfélaga og atvinnulífs um leið og verulegt landsvæði verður sett í vernd samkvæmt ákvæðum laga um þjóðgarða.

Kynning máls og frestun á staðfestingu þjóðgarðs.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga telur að efni tillögunnar hafi ekki fengið nægjanlega umfjöllun í samfélögum á Vestfjörðum. Áhrif heimsfaraldurs Covid 19 hefur alveg hamlað kynningu málsins á opnum fundum eins og væri í eðilegri málsmeðferð. Tveir fundir með fjarfundaformi þar sem mæting er óljós og þingmenn og forstöðumenn stofnana höfðu sig mest í frammi, er ekki ásættanleg. Tilkynning um undirbúning þjóðgarðs sem pósthögð var í hús í Ísafjarðarbæ og Vesturbyggð, hafði eingöngu það gildi að benda íbúum hvar upplýsingar væru til staðar um verkefnið og ekki eru kynnt á heimasíðu Umhverfisstofnunar hvaða viðbrögð hafa borist til þessa.

Umfang þessa verkefnis og langtímaáhrif kallar á, að um það sé góður samhljómur. Fjórðungssamband Vestfirðinga gerir því að tillögu sinni að frestað verði endanlegri staðfestingu friðlýsingar þjóðgarðs á Vestfjörðum sem áætluð er þann 17. júní n.k.. Tími í júní verði nýttur til aukinnar kynningar nú þegar samkomutakmörkunum vegna Covid19 hefur verið verulega aflétt. Komi í ljós að málið þurfi meiri undirbúning til að ná endanlegri niðurstöðu mætti hugsanlega setja fram viljayfirlýsingu sveitarfélaga og ráðuneytis og stofnana þess. Verði niðurstaðan að loknu umsagnarferli, að halda áfram með verkefnið þá verði ný dagsetning ákveðin í framhaldinu t.d. í byrjun september n.k..

Umsögn.

Umsögn stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga við tillögu að friðlýsingu á grunni þeirra gagna sem liggja fyrir beinast að stöðu innviða í dag og framtíðaráform um uppbyggingu þeirra.

Vestfjarðavegur 60 um Dynjandisheiði.

Samgönguáætlun 2020-2024 og fjármálaáætlun 2021-2025 hefur verið samþykkt fjármagn til endurbyggingar á Vestfjarðavegi 60 frá Vatnsfirði og að Mjólká í Arnarfirði og Bíldudalsvegi úr Arnarfirði að Vestfjarðavegi 60. Umhverfismat um verkefnið hefur verið samþykkt og er verkefnið þegar hafið að hluta auk þess sem unnið er að undirbúningi útboðs á öðrum hlutum þess.

Vegurinn ásamt vegi um Hrafseyrarheiði hafa einungis verið opnir um 8 mánuði á ári frá opnun þeirra og því ekki þjónað sem stofnvegir á milli atvinnu og þjónustusvæða á sunnan og norðanverðum Vestfjörðum. Hér um að ræða yfir 60 ára gamlan veg sem lítið hefur verið endurnýjaður frá því hann var lagður, í raun og sanni má segja að um nýbyggingu vegarins sé að ræða. Endurbætur sem hér eru komnar í framkvæmd verða bylting fyrir þróun atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum ásamt opnun Dýrafjarðargangna.

Miklar væntingar bundnar við aukið samstarf og tækifæri með slíkum heilsársvegi fylgir, s.s. fiskeldi, ferðapjónustu, sjávarútvegi, menningarstarfi og opinberri þjónustu. Síðast en ekki síst notkun og afstaða íbúa til ferðalaga um nýjan veg. Nýleg rannsókn sem unnin var fyrir Vestfjarðastofu á viðhorfum íbúa á Vestfjörðum til atvinnu og þjónustusóknar, leiðir í ljós að hluti íbúa vegrar sig við að ferðast að vetri til um fjallvegi eða fjallshlíðar þar sem er viðvarandi hættu sé á ofanflóðum eða óveðrum. (Nánar er fjallað um þennan þátt hér síðar). Hér er síðan við að bæta, að lögð hefur mikil vinna við uppbyggingar nýrrar ferðamannaleiðar, *Vestfjarðaleiðin*. [Vestfjarðaleiðin \(vestfjardaleidin.is\)](http://Vestfjarðaleiðin. Vestfjardaleidin.is) Forsenda þeirrar leiðar eru tryggar heilsársamgöngur á hringvegi um Vestfirði, Dynjandisheiðin er þar lykilþáttur.

Við mótun skilyrða um þjóðgarð á Vestfjörðum verða aðilar að hafa það í huga að við ákvörðun um endurbætur á vegi um Dynjandisheiði að þá voru teknir út valkostir um jarðgangagerð. En með þeim fyrirvara að hér sé verði láta reyna á veginn sem heilsársstofnveg, sérstaklega með tilliti til vetrarfærðar. Jarðgangakostir eru því til framtíðar ekki útlokaðir verði reynslan sú að framkvæmdin stenst ekki væntingar.

Sveitarfélög fara með skipulagsvald innan þjóðgarðsins og gefa út framkvæmdaleyfi fyrir vegagerð og eða gerð jarðgangna. Sveitarfélög hafi hér síðasta orðið varðandi samgönguframkvæmdir og því er lagt til að breytt verði ákvæði í auglýsingar friðlýsingar 5. málsgrein 13. gr *innviðaupbygging skal fara eftir skipulagi*. Breyting feli í sér að þetta ákvæði hafi forgang á önnur ákvæði greinarinnar. Hið sama gildi gagnvart bráðabrigðaákvæði sömu auglýsingar er varðar vegaf framkvæmdir.

Jarðgöng.

Á fundi stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga þann 28. Apríl 2021 var lögð fram til kynningar Jarðgangáætlun Vestfjarða. Áætlunin er hluti af stærri Innviðaaáætlun sem unnið er nú að.

Vakin er athygli á tilgreindir eru tveir jarðgangakostir í áætlunni, sem eru innan skilgreinds landssvæðis Þjóðgarðs á Vestfjörðum. Nánari lýsing.

Dynjandisheiði (Kollagötugöng)

Vegurinn um Dynjandisheiði liggur lengi í mikill hæð, mest í um 500 m y.s. á tveimur stöðum. Á sínum tíma var skoðað lauslega að gera jarðgöng undir heiðina en þau yrðu mjög löng, um eða yfir 12 km. Frá því var horfið og ákveðið þess í stað að byggja upp opinn veg á svipuðum stað og núverandi vegur, og miða við að unnt verði að halda honum opnum allt árið með góðri vetrarþjónustu.

Við hönnun vegarins um Dynjandisheiði voru lagðar fram hugmyndir um jarðgöng undir háfjallið milli Trostanfjarðar og Geirþjófsfjarðar og lækka þar með veginn úr 500 m y.s. í 360-430 m y.s. Göngin myndu vafalaust léttu akstur yfir heiðina að vetri og auðvelda vetrarþjónustuna. Þau yrðu 2,6 km löng.

Dynjandisheiði (Dynjandisvogur-Geirþjófsfjörður)

Einnig væri unnt að gera göng undir hina eiginlegu Dynjandisheiði, á milli Geirþjófsfjarðar og Dynjandisvogs. Munni gæti verið í 230 m y.s. inn af Geirþjófsfirði og 10 m y.s. í Dynjandisvogi. Slík göng yrðu um 5,2 km á lengd, með 4% halla. Leiðin um heiðina myndi styttest um 10 km.

Í umhverfismati var gerð jarðganga Kollagötugöng tekin til skoðunar, sem veglína E, en þar segir

- Veglína E, er 5,5 km löng með 2,6 km löngum jarðgöngum og víkur frá veglínu F (6,8 km) milli Norðdalsár og Vatnahviltar. Vegna athugasemda við drögum að tillögu að matsáætlun, var ákveðið að meta umhverfisáhrif af gerð jarðganga, „Kollaganga“, á snjóþungum hluta leiðarinnar.

einnig segir

Veglína E er lögð fram til frekari skoðunar á snjóþungum kafla á svæðinu. Óvíst er um fjármagn til jarðgangagerðar sem hér um ræðir í bráð því göngin myndu kosta meira en allur vegurinn yfir Dynjandisheiði (kafla 1.9. og 4.11.). Því eru mestar líkur á að fyrst yrði lagður nýr vegur yfir fjallshrygginn og látið á það reyna að sneiðingurinn niður í Hærri-Vatnavilft verði ekki slíkur farartálmi að ráðast þurfi í jarðgöng. jarðgöng Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði 3.

Kostir, umferðaröryggi og arðsemi Bíldudalsvegur (63) frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði 3.3. Kostir Vegagerðin 68 Jarðgöng valda minna raski á gróðurfari og fuglalífi en vegur ofanjarðar. Hins vegar þarf að leggja nýjan veg að göngunum, sem færi beggja vegna ganganna um óraskað land. Það verður ekkert umframefni úr göngunum, allt efni nýtist í vegagerð og frágang fláa.

Sem fram kemur í bráðabrigðaákvæði auglýsingar er nú unnið að uppbyggingu vegar um Dynjandisheiði og á samgönguáætlun eru framkvæmdir við uppbyggingu Bíldudalsvegur á áætlunartímabilinu 2025-2028. Samkvæmt Samgönguáætlun 2020-2024 er gert ráð fyrir að unnin verði langtímastefna í uppbyggingu jarðganga s.m.b. 15. lið, 4.3. markmiðs um greiðar samgöngur.

Hér er því ítrekuð sú krafa að þar verði tekið tilliti til að óvissa er um hvernig Dynjandisheiði muni reynast sem stofnvegur með heilsárssamgöngur milli norðan og sunnanverðra Vestfjarða og sem hluti Vestfjarðaleiðar. Endingartími burðarlags stofnvega er áætlaður frá 15 til 25 ár eftir umferðarpunga eða á árabílinu 2040 – 2050. Reikna má þá með að borin verði saman kostir jarðganga í stað endurnýjun vegarins. Ekki er því ásættanlegt að setja ákvæði í auglýsingu sem banna framkvæmdir tengdum innviðum á meðan reynsla er að koma í ljós notagildi og öryggi vegfarenda.

Eins og segir í lýsingu í Jarðgangaáætlun Vestfjarða þá eru göng undir Dynjandisheiði áætluð með munna í drögum Geirþjófsfjarðar og í Dynjandisvog. Ekki er ásættanlegt að í 10. og 13. grein séu ákvæði sem geta lagt bann á framkvæmdir í Dynjandisvogi og þannig komið í veg fyrir þá framkvæmd, eða gera þann valkost ófýsilegan í forgangsöröðun jarðgangaframkvæmd í landinu. Aðrir valkostir um jarðgöng sem myndu koma í stað vegar um norðurhluta Dynjandisheiðar hafa ekki verið skoðaðir, en lengri göng sem sneiddu hjá Dynjandisvogi er þá mjög líklega dýrari valkostur, en hver kílómetri í jarðgöngum er talin kosta um 2,5 milljarða.

Reynsla af valkostagreiningu veglína í Gufudalssveit þar sem jarðgöng voru talsvert dýrari en aðrir valkostir, sýndi í raun að það ekki er vilji innan stjórnkerfis eða Alþingis setja til aukafjármagn til að koma á móts við áherslu um verndun umhverfis.

Viðhorfskönnun á meðal íbúa á Vestfjörðum

Forgangsöröðun jarðgangakosta í Jarðgangaáætlun Vestfjarða leggur áherslu á tengingar innan atvinnu og þjónustusvæða eins og þau eru í dag á sunnan og norðanverðum Vestfjörðum. Þetta eru Álftfjarðargöng og Hálfán og Miklidalur í einni framkvæmd. Atvinnu og þjónustusókn verði þannig óhindruð m.a. þá innan sama sveitarfélags líkt í Vesturbyggð, sama á þá við tómtunda og menningarstarfsemi. Stækkun atvinnusvæðis með heilsárstengingu milli norðan og sunnanverðra Vestfjarða eru með sömu áherslu og lykilatriði fyrir þróun svæðisins og stöðu þjóðgarðsins. Fyrirséð er að samstarf fyrirtækja, stofnana ríkis og sveitarfélaga á ýmsu sviðum muni aukast og styrkja starfsemi sveitarfélaga.

Í viðhorfskönnun sem Vestfjarðastofa lét framkvæma á meðal íbúa á Vestfjörðum kemur fram viðhorf þeirra til ferða um vestfirskar hlíðar og fjallvegi. Fram kemur að hluti íbúa á Vestfjörðum og þá hærri hluti

kvemma setur öryggi í samgöngukerfinu sem lykilþátt í vinnusókn og þátttöku í samfélagi almennt. Samgöngur um Þjóðgarð á Vestfjörðum verða uppfylla kröfur íbúa og takmarkanir á framkvæmdum sem tryggja öryggi vegfarenda eru ekki ásættanlegar.

Virkjanir og flutningsmál raforku

Í 4. áfanga Rammaáætlunar eru til skoðunar tveir virkjanakostir með vatnasvæði í jaðri Þjóðgarðsins þetta eru Tröllárvirkjun og Hvanneyrardalsvirkjun.

Til að auka afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum er nauðsyn á aukinn orkuframleiðslu innan Vestfjarða. Ástæða þessa er að einungis eru framleidd um 40 % af þeirri orku sem notuð eru innan landshlutans í dag og landhlutinn er ekki með hringtengur við orkukerfi landsins heldur með einni línu, Vesturlínu.

Fjórðungssamband Vestfirðinga vísar hér einnig til skýrslu Eflu - verkfræðistofu um mat á orkuþörf sviðsmynda um mögulega þróun atvinnu og mannlífs á Vestfjörðum árið 2035. Í skýrslunni er metið sem svo að raforkuþörf á Vestfjörðum geti verið rúmlega 60% meiri en Orkuspánefnd sem spáir fyrir um og er m.a. lögð til grundvallar tillögu Landsnets að Kerfisáætlun 2020-2029.

Í útdrætti skýrslunnar segir ; Út frá sviðsmyndum *Vestfirski Þjóðgarðurinn* og *Vestfirðir í sókn* sem koma fram í Krossgötum er reiknuð raforkuþörf á Vestfjörðum fram til ársins 2035. Til samanburðar er Raforkuspá Orkuspárnefndar, en í henni er spáð 0,8% aukningu á ári og raforkunotkun verði um 295 GWh árið 2035. Í sviðsmyndinni *Vestfirski Þjóðgarðurinn* mun raforkunotkun dragast sama um 0,1% á ári og spáð að notkun verði 256 GWh. Í sviðsmyndinni *Vestfirðir í sókn* eykst raforkunotkun um 3,6% á ári og verður um 475 GWh árið 2035. Helstu þættir sem skýra þessar breytingar í sviðsmyndum eru fólksfjöldi, atvinnustarfsemi m.a. í kalkþörungarvinnslu og fiskeldi, fiskafli og hagvöxtur.

Þróun atvinnulífs og samfélaga er í dag í átt að sviðsmyndinni *Vestfirðir í sókn* og ekki er ásættanlegt að settar verði hömlur á samgönguframkvæmdir og hindri þá þróun.

Alþingi hefur síðan sett markmið í flutningsmálum raforku með samþykkt þingsályktunar nr 26/148, um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, þar sem Vestfirðir skulu settir í forgang. Felur stefnan m.a. í sér að komið sé á tvöföldun á tenging meginflutningskerfis landsins með afhendingu við Mjólká í Arnarfirði, en jafnframt skal unnið að tryggja orkuframleiðslu innan landshlutans. Alþingi hefur einnig með samþykkt þingsályktun um byggðmál 24/148 sett að markmiði að stuðla að jákvæðri byggðaðróun um allt land.

Í Orkustefnu til ársins 2025 lögð var fram af iðnaðarráðherra á árinu 2020 var stefna ítrekuð varðandi afhendingaröryggi raforku og sett að markmiði um jafnt aðgengi landsmanna að orku. Til að ná því markmiði þarf enn fremur að byggja upp flutnings- og dreifikerfi raforku þannig að afhendingaröryggi og aflgeta sé tryggt svo mæta megi þörfum samfélagsins á hverjum tíma, óháð búsetu. Á ársfundum Orkubús Vestfjarða þann 14. maí s.l. tilkynnti iðnaðarráðherra um skipan starfshóps sem vinni að þessu máli fyrir Vestfirði. Vænta má að framkvæmdir við flutningskerfi raforku innan Þjóðgarðs á Vestfjörðum hefjist á allra næstu árum og er þá ítrekuð krafa um að skilmálar auglýsingar um þjóðgarð hindri ekki þá uppbyggingu.

Afhendingaröryggi raforku er einnig öryggis og almannavarnarmál og vísast þar til skýrslu stjórnvalda frá í febrúar 2020, sem fjallar um afleiðingar og nauðsynlegar aðgerðir í innviðamálum í kjölfar óveðra í desember 2019 og janúar 2020.

Orkubú Vestfjarða hefur með bréfi 11. maí s.l. kynnt Fjórðungssambandi Vestfirðinga, afstöðu fyrirtækisins til auglýsingar um Þjóðgarð á Vestfjörðum. Fjórðungssambandi Vestfirðinga tekur undir ábendingar Orkubúsins varðandi afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum.

Lokaorð.

Í framtíðarsýn Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2024 segir um framtíð til ársins 2035;

Vestfirðir eru framúrskarandi svæði til að búa, starfa, heimsækja og njóta hreinnar náttúru og kyrrðar. Þar er öflugt, vaxandi alþjóðlegt þekkingarsamfélag sem einkennist af kraftmikilli sköpun, sterkri sjálfsmynd og umhverfisvitund. Góðir innviðir, öflug samfélagsleg þjónusta og fjölbreytt atvinnulíf sem einkennist af virðingu fyrir umhverfi, samfélagi og auðlindum.

Þjóðgarður á Vestfjörðum mun geta lagt mikið til við að ná þessari framtíðarsýn, en þessi framtíðarsýn og árangur af Sóknaráætlun Vestfjarða mun ekki nást nema að innviðir séu samkeppnishæfir.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.

Viðauki.

Lagt fram til kynningar með umsögn

Skýrsla Jarðgangaáætlun Vestfjarða, apríl 2021

https://www.vestfirdir.is/static/files/Innvidir/jardgangaaetlun_2021_lokaskjal-1-.pdf

Samgöngur á Vestfjörðum. Niðurstöður viðhorfskönnunar unnin í október-nóvember af RHA

https://www.vestfirdir.is/static/files/Fiskeldi/210112-nidurstodur_samgongur.pdf

Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024, nóvember 2019

https://www.vestfirdir.is/static/files/Soknaraetlun/vestfjardastofa_soknaraetlun-2020-2024.pdf

Sviðsmyndir um raforkunotkun á Vestfjörðum. (júlí 2020)

[6225-001-sky-001-vo4-svidsmyndir-raforkunotkunar-a-vestfjordum.pdf](https://www.vestfirdir.is/static/files/6225-001-sky-001-vo4-svidsmyndir-raforkunotkunar-a-vestfjordum.pdf) (vestfirdir.is)

Til upplýsingar er hér tenging á skýrslu Vestfjarðastofu „Á Krossgötum – Sviðsmyndir um mögulega þróun atvinnu- og mannlífs á Vestfjörðum 2035“ en sviðsmyndir skýrslunnar eru lagðar til grundvallar raforkuspár. https://www.vestfirdir.is/static/files/Innvidir/nmi_a-krossgotum_loka.pdf